

8/2 74

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ  
=====

1973.  
=====

Suðurlandsumdæmi.

## 1. Veðurfar ársins:

Veturinn frá áramótum var frekar hagstæður, nokkur frost í febrúar og snjór í uppsveitum, klaki í jörðu um 30 cm. um mánaðarmótin febr. - marz, en um miðjan apríl var allur klaki farinn úr jörðu. Maímánuður var þur og kaldur, tæplega 2" fyrir neðan meðallag. Júnímánuður kaldur framan af, en upp úr miðjum mánuði fór að hlýna. Júlímánuður sémilegur, ágúst, september og október úrkomusamir, sérstaklega október þá var bókstaflega allt á floti. Nóvember og desember með þeim köldustu sem komið hafa á þessari öld, frost iðulega 15 - 20 gráður og jafnvel meira eistaka nætur. Um áramótin var klaki í jörðu orðinn 80 cm. þar sem snjór hafði ekki hlíft.

Þegar á árið sem heild er lítið, var það óhagstætt, nema að því leiti að jörð var klakalaus í vor þegar störf hófust. Vinnuveður var yfirleitt óhagstætt á árinu.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs:

A. Laufgun og lauffall. Laufgun tel ég að hafi verið 15. júní, en lauffall 27. sept. en þá tættist lauf af trjám í miklu óveðri sem varð hér. Síðasta vorfrost var 10. júní.

B. Skaðar á trjágróðri. Fyrripart sumars var nokkur birkimaðkur í skóglendum, þegar á sumarið leið hvarf hann og ekki urðu af skaðar. Kal var lítið, þó bar aðeins á því á íslensku birki.

C. Vöxtur. Eftir árferði var vöxtur samilegur, þó var hann misjafn á hinum ýmsu trjátegundum. Á sitkagreni var hann samilegur og sumstaðar engu minni en á síðasta ári. Meðal ársvöxtur á sitkagreni í Selhöfðum í Þjórsárdal, gróðursettu á árunum 1962 Og 1963 var um 30. cm. og hefur ársvöxtur þar síðastliðin 3. ár verið svipaður. Á stafafuru og rauðgreni var ársvöxtur aftur á móti fyrir neðan meðallag.

D. Fræfall. Birkifræ var mjög lítið hér á Suðurlandi í haust, og var engu fræi safnað. Sama var með aðrar trjátegundir.

3. Starfsfólk á árinu:

	<u>j.</u>	<u>f.</u>	<u>m.</u>	<u>a.</u>	<u>m.</u>	<u>j.</u>	<u>j.</u>	<u>á.</u>	<u>s.</u>	<u>o.</u>	<u>n.</u>	<u>d.</u>	
Karlar.	3	3	1	2	4	7	7	7	4	5	2	2	= 47
Konur						1	1	1					= 3
	3	3	1	2	4	8	8	8	4	5	2	2	= 50

=====  
 Allar kaupgreiðslur til þessa fólks á árinu 1973 frá Skógrækt ríkisins urðu. (Sambærilegar tölur frá árinu 1972 innan sviga) Kr. 1.262.298,- (896.133,-). Þar af var greitt í sparimerkjum Kr. 126.232,- (50.284,-). Í lífeyrissjóð verkalyðsfélaga greiddi starfsfólkið Kr. 35.779,- (18.233,-) þar á móti greiddi Skógrækt ríkisins Kr. 53.818,- (27.350,-). Í orlofspeningum voru greiddar Kr. 53.748,-. Matreiðsludagar ráðskonu voru 50 (59), en alls voru greiddir fæðispeningar í 279 daga (370) og í peningum urðu það Kr. 60.530,- (62.900,-).  
 Tryggingaskildar vinnustundir voru 3821 (4798) og hjá vikukaupsfólki 59 (28) vikur.

Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig.

Janúar - febrúar	Kr. 115.909,-	
Apríl - júní	- 375.635,-	(198.253,-)
Júlí	- 249.813,-	(149.491,-)
Ágúst	- 153.187,-	(155.135,-)
September - okt.	- 98.412,-	(253.585,-)
Nóvember - des.	- 269.342,-	(139.674,-)

Að jafnaði voru unnar 40 stundir í dagvinnu og 10 stundir í eftirvinnu á hverri viku. Ekki var unnið á laugardögum.

Umsjónarmenn útivistarsvæða sem unnu um helgar fengu í staðinn frídaga í miðri viku.

Myx 20 20 20 20 20

#### 4. Girðingar:

a. Nýjar girðingar. Á Laugarvatni var í haust byrjað að girða nýja girðingu, sem áætlað er að verði um 7.km. á lengd. Kemur hún í stað gömlu girðingarinnar sem var orðin gjör ónýt á löngum köflum, svo sem á öllu fjallinu. Nýja girðingin verður á öðrum stað en sú gamla, all miklu lengri og friðar mörgum sinnum stærra land. Áætlað er að girða í mörkum á milli Eyvindartungu og Laugarvatns, fara yfir Lyngdalsheiðarveg fyrir vestan Stóragil, uppá fjallið í hvosinni er snýr móti suð-vestri og koma í gömlu girðinguna uppi á háfjallinu, endurgirða síðan gömlu girðinguna á fjallinu. Til að auðvelda flutninga á girðingarefni og vinnu við girðinguna, var lagður vegur uppá fjallið í haust, gekk það greiðlega með góðri jarðýtu, kostnaður um 20. þús. kr. Í haust var lokið að girða um 1,5 km. eða frá Lyngdalsheiðarvegi og upp fyrir miðja fjallshlíð. Vinnulaun kr. 87,590,-. Fæði og gisting fyrir verkamenn ókeypis hjá skólunum á Laugarvatni.

b. Viðhald. Viðhald á girðingum var með svipuðum hætti og undanfarandi ár. Vinnulaun vegna viðhaldsins voru kr. 168.100,- og efniskostnaður um kr. 33.000,-.

Reykjahjáleiga. Fyrripart maímánaðar var girðingin lagfærð eftir veturinn. Eftir hagstæðan vetur var girðingin í samilegu ástandi og þurfti því lítilla lagfæringa við.

Nauskadalur. Eins og áður sá Greipur Sigurðsson um viðhald á girðingunni. Girðingin ætti að geta verið í samilegu ástandi eftir efnis og vinnukostnaði undanfarandi ára, en einhverju er ábótavant, því alltaf er meira og minna af fé í henni á hverju sumri, en það verður athugað nákvæmlega næsta vor.

Laugarvatn. Viðhald var ekki annað en lagfæring á girðingunni á milli Snorrastaða og Laugarvatns svo og smalanir. Pálmi Pálsson

á Hjálmsstöðum sá um þennan þátt vegna girðingarinnar eins og undanfarandi ár.

Skarfanæs. Árni Arnason í Klofa á Landi sá um viðhald girðingarinnar eins og áður. Nú er svo komið að nauðsynlegt er að endurbæta girðinguna á vesturkantinum. Sá kafli var girtur árið 1943 og þá með gömlu efni (gaddavír). Staurar eru samilegir en vírin ónýtur. Tiltölulega væri kostnaðarlítið að hengja net á staurana eins og þeir eru, en við það mundi girðingin veita fullkomna vörn. Í allt eru þetta um 4. km. og væri hæfilegt að ljúka því á tveimur árum.

Þórsörk. Girðingunni var haldið við eins og venjulega. En það er sama hvað girðingin er góð, alltaf er þar fullt af fé. Á undanförunum árum hef ég rakið ástæðurnar fyrir þessu mikla fé sem í girðingunni er á hverju sumri, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það nú. Ég vil leggja áherslu á að gerð verði tilraun með mjög góða vörslu sumarlangt, mann eða menn og hunda og sjá hver árangurinn verður. Girðingin var smöluð 5. júlí og aftur 28. júlí og þá af 30 manna flokki frá Slysavarnadeildinni á Selfossi. Í fyrra skiptið var um 200 fjár smalað út, en 300 í það síðara.

Þjórsárdalur. Viðgerð á girðingunni hófst síðast í maí. Lausagirðingar höfðu áður verið settar í ár. Tvö síðastliðin ár hefur Landsvirkjun séð um viðhald á girðingunni frá Háafossi að Þjórsá við Sandafell. Í ár báðu þeir okkur um að sjá um viðhaldið á þessum kafla, en greiddu kostnaðinn kr. 30.521,-. Umsjónarmaður var í dalnum í sumar og sá hann um að girðingin væri fjárlaus á meðan hann var. Í sept. og okt. þegar umsjónarmaðurinn var hettur komust nokkrar kindur í girðinguna, því ásókn var mikil frá afréttinum, en reynt var að koma þeim jafnharðan út, svo segja má að girðingin hafi verið samilega fjárlaus í sumar.

5. Gróðursetningar:

A. Áætlun - undirbýningur. Á starfsmannafundinum í vetur var áætlað að gróðursetja 54. þús. plöntur í skóglendi á Suðurlandi árið 1973. Í jörðina komust tæplega 47. þús. plöntur. Gróðursett var í Reykjahjáleigu 24 - 29 maí, í Þjórsárdal 6 - 26 júní, í Skarfanesi 15 - 18 júní. Í Haukadal var gróðursett af norðmönnum o.fl. 2 - 13 ágúst. Plönturnar voru allar frá Tumastöðum, nema smávegis sem gróðursett var í Ölversholti. Voru plönturnar ýmist kældar eða í rúllum. Gróðursetningar á hverjum stað eru færðar inn á kort og spjálðskrá. Vinnukostnaður við gróðursetningu fyrir utan uppihald norðmanna í Haukadal varð kr. 113.613,-.

B. Gróðursetningar hjá Skógrækt ríkisins.

Tafla yfir tegundir, kvæmi ofl. gróðursett 1973.

Staður	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	Gr.st.
Haukadalur	Stafafura	Skagway	2/1 R	22805	T.
"	Stafafura	Skagway	2/2 R	25	T.
"	Birki	Skaftaf.	2/1	25	T.
"	Rauðgreni	Vang Löten	2/1	25	T.
"	Bergfura	H. Confl.	2/1	25	T.
"	Lærki	Altaí	2/1 R	25	T.
"	Stafafura	Skagway	2/3	500	T.
Reykjahjáleiga	Sitkagreni	Cordova	2/2	5000	T.
Skarfanese	Stafafura	Anaheim	3/0	2700	T.
"	Stafafura	Wedelsbg.	2/2	2750	T.
Þjórsárdalur	Stafafura	Skagway	3/0	3700	T.
"	Sitkagreni	Cordova	2/2	6000	T.
Ölversholt	Stafafura	Hazelton	2/2	800	V.
"	Birki	Geitag.	2/0	2100	V.
<b>Samtals</b>				<b>46480</b>	

Hér hlýtur að minnast 14.500  
 Tumastöðum þótt 1973  
 hefur ofl. 26.100 plöntur.

+ 14.500

C. Gróðursetning hjá Skógræktarfélagunum 1973.

Skógræktarfélag Árnesinga.

Snæfoksstaðir	Stafafura	Skagway	4000	
"	Bergfura	Pýr.	1000	
" Ól. Kr.	Stafafura	Skagway	1000	
" "	Bergfura	Pýr.	1000	
Skeiðamenn	Birki	Geitag.	2000	
Sandvíkurhr.	Stafafura	Skagway	250	
"	Birki	Geitag.	250	
Hvergerðingar	Birki	Geitag	2000	
"	Stafafura	Skagway	200	
Selfosshr.	Birki	Geitag.	3700	15400

Skógræktarfélag Rangæinga.

Skógaskóli	Birki	Tumast.	500	
"	Stafafura	Sitka.	200	
"	Lerki	Altaí	300	
"	Birki	Tumast.	1000	
"	Stafafura	Sitka	500	
Árgilsstaðir	Birki	Skaftaf.	150	
Kirkjuhóll	Stafafura	Skagway	75	
Ásmundarstaðir	Birki	Tumsat.	25	
"	Sitkagreni	Cordova	25	
"	Stafafura	Skagway	25	
Tungugirðing	Sitkagreni	Cordova	2325	
"	Stafafura	Sitka	3575	8700
		Samtals.		24100



## 6. Hirðing:

A. Hreinsun. Klippt var og hreinsað frá gróðursetningum í austurhlíðum Selhöfða í Þjórsárdal. Unnið var að þessu í jan. - febe. og einnig í júlí. Kjarrsagir voru notaðar með góðum árangri, nema hvað bit hélst illa í sagarblöðum vegna vikurs í botngróðri. Þarna eru sitkagrenigróðursetningar frá árunum 1961 og 62, Cordova og Seward, mikið af ljómandi fallegum trjám. Einnig hreinsað frá sitkagreni gróðursettu 1967, sem er fyrir ofan Perlu í Hvammsárdal. Í Haukadal var hreinsað frá plöntum í Stardals gróðursetningu var það gert um leið og gróðursett var, eða endurplantað í reitinn voru þar norðmenn að verki.

B. Áburðargjöf. Það var sama sagan í ár eins og undanfarandi ár, of litlu af áburði var dreift á gróðursetningar. 2 tonnum af tvígildri áburðarblöndu 26-14-0 var dreift á rauðgrenigróðursetna. í Lambarholti í Þjórsárdal. Helst er þörf á að bera á rauðgröni, því án áburðar er það svo litlaust og vaxtarlítid. Áburðurinn nægði á 120 rásir. Aðeins var borið á í þurru veðri og varð því vinnan nokkuð stopul, en verkinu lauk 11. júlí. Samtals varð kostnaður við hreinsun og áburðargjöf kr. 178.633,-

C. Grisjun. Í júlí í sumar voru grisjaðir 2. ha. í Hlíðartorfu í Hvammsárdal. Var helmingurinn rásagrisjaður, en hinn rjóðurgrisjaður. Landið er mjög gott, í brekku er veit móti suð-austri. Æskilegt væri að gróðursetja þar sitkagreni næsta vor. Kostnaður við grisjun varð kr. 32.278,-

## 7. Vegagerð:

Í haust var ruddur og jafnaður vegur inn Hvammsárdal að vestanverðu, um 1,5 km. að lengd, Við verkið var notuð gamla jarðýta skógræktarinnar T.D.-6. Á þessum kafla voru brúaðir 2 lækir og komu þá mastursbúkkar í góðar þarfir. Þegar þessi vegur verður tilbúinn, opnast leið að miklu og góðu gróðursetningar landi þarna í hliðunum í Hvammsárdal. Einnig var smávegis borið á vegi í Þjórsárdal. Í haust var einnig gerð tilraun til að koma vegi yfir Svartagil í Haukadál, og þar með opna leið í Austmannabrekku, það tókst ekki sökum mikillar úrkomu, en mikið ávannst þó, og væntanlega verður hægt að ljúka verkinu næsta sumar. Í Haukadál var einnig losuð ofaniburðar mól. Þar eins og víðar hefur mikið skort á að vegir væru sómasamlegir, vegna þess að ofaniburð hefur vantað. Allur kostnaður við vegagerð á árinu varð kr. 90.647,-

*Netra fundbellit felld.*

## 8. Ýmislegt:

A. Jólatré. Að þessu sinni var lítið tekið af jólatrjám í skóglendum á Suðurlandi. Í Þjórsárdal voru tekin 28 stk. í stærðunum 2,50 - 4,00 m. Söluverð kr 36. þús. krónur, en meðalverð kr.1285,- pr. stk.. Átlunin var að fella meira magn, en færð og veðráttu kóm í veg fyrir það.


B. Ferðafólk. Ferðamannastraumur var eins og áður mikill í skóglendin í sumar. Umsjónarmaður var eins og áður í Þjórsárdal og gekk allt þar mjög vel. Aftur á móti var enginn umsjón á Þórs-mörk frá skógræktinni, og þá er ekki að sökum að spyrja, ruslið flóir og klögumálin ganga í blöðunum. Ekkert var í ár gert til að bæta aðstöðu ferðafólks í skóglendum. Éskilegt væri að bæta þar um, en fjárhagur verður að ráða.

C. Fundarhöld og ferðir. 14 -16 marz sat ég árlegan starfsmanna fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, þar sem <sup>rodd</sup> voru fagmál, fjármál og gerð starfsáætlun Skógræktar ríkisins fyrir árið 1973. Yfir sumarið farið margar ferðir í skóglendin á Suðurlandi til vinnu, eftirlits með girðingum og gróðri. Sömu-  
leidis í girðingar skógræktarfélaganna.

1. - 15 ágúst fór ég til Opplandsfylkis í Noregi, annar farar-  
stjóri af tveim, með 70 íslenska skipti-gróðursetjara. Dvaldist  
ég í Valdres með helming hópsins. Var gróðursett á nokkrum  
stöðum í héraðinu. Annars var ferðin meira kynningar og fræðslu-  
ferð, því lítið var hópurinn látinn vinna.

24. - 26 ágúst sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands, sem að  
þessu sinni var haldinn í Hafnarfirði. Einnig mætti ég á aðal-  
fundum og deildarfundum hjá skógræktarfélögum hér heima í héraði.

Selfossi 31/12. 1973.

  
Gardar Jonsson